

um þeirra, er styrks æskja. Umsóknir og skilríki sendast formanni sjóðstjórnarinnar. Þegar tekjur sjóðsins, sbr. 5. gr., hrökkva ekki til að greiða allan læknavitjanakostnað umsækjanda, skal haga úthlutun styrkja eftir efnahag og ástæðum að dómi sjóðstjórnar. **190**
16. okt.

7. gr.

Reglugerð þessi staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 59 4. júlí 1942, staðfestist hér með til að öðlast gildi frá deginum í dag að telja.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 16. október 1945.

Finnur Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Dánarbótasjóð Barðastrandarsýslu“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 17. okt. 1945. **191**
17. okt.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Dánarbótasjóð Barðastrandarsýslu.

I. Nafn.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Dánarbótasjóður Barðastrandarsýslu.

II. Stofnun og markmið.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af kr. 5000.00, sem nokkrir Vestfirðingar, búsettir á Siglufirði, gáfu til minningar um það fólk, sem fórst með vélskipinu Þormóður frá Bíldudal, ofviðrisnóttina milli 17. og 18. febrúar 1943.

3. gr.

Markmið sjóðsins er: Að greiða dánarbætur til efnalítilla nánustu aðstandenda þeirra manna í Barðastrandarsýslu, sem farast af slysum, sérstaklega þeirra, sem ekki eru liftryggðir og engar dánarbætur eru greiddar fyrir annars staðar frá.

III. Um stjórn.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu skal vera sjálfkjörinn formaður stjórnarinnar, en auk hans kýs hvor sýslunefnd einn mann í stjórnina til fjögurra ára í senn.

5. gr.

Stjórnin fær enga þóknun fyrir störf sín. Hún heldur að minnsta kosti einn fund árlega. Hún annast fjárreiður sjóðsins og gerir reikninga hans. Reikningur

- 191 liðins árs skal gerður fyrir lok janúarmánaðar ár hvert og sendur endurskoðanda
 17. okt. Vestur-Barðastrandarsýslu til endurskoðunar. Skal hann síðan lagður, ásamt athugasemdum endurskoðenda og svörum reikningshaldara, fyrir næsta aðalfund sýslunefndarinnar til úrskurðar. Eitt eintak reikningsins skal sent sýslunefnd Austur-Barðastrandarsýslu, sem hefur rétt til að gera við hann athugasemdir, ef henni þykir ástæða til.

IV. Um vöxtun og vörzlu.

6. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Sjóðurinn tekur við gjöfum, sem honum kunna að berast. Skulu þær lagðar við höfuðstólinn, nema öðruvísi sé ákveðið af gefanda.

7. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í tryggum verðbréfum í banka eða sparisjóði.

8. gr.

Fjórðungur ársvaxtanna skal jafnan leggjast við höfuðstólinn. Þrjú fjórðu hlutar þeirra skulu lagðir inn á sérstakan dánarbótareikning, og skal þeim fjárhæðum, ásamt áfallandi vöxtum, varið til dánarbóta samkvæmt ákvörðun sjóðstjórnarinnar.

V. Um úthlutun dánarbóta.

9. gr.

Sýslunefndirnar gera tillögur til sjóðstjórnarinnar um úthlutun dánarbóta til manna, hvor í sinni sýslu, þegar þær telja ástæðu til. Skal fylgja tillögunum rökstudd greinargerð. Stjórnin úrskurðar síðan, hvort bætur skuli veittar og hve miklar.

10. gr.

Ekki er heimilt að veita nema einu sinni bætur fyrir hvern mann, en heimilt er að greiða bæturnar á fleiri árum, ef það er talið æskilegra, heldur en greiða þær allar í einu. Nákvæmlega skal tekið fram, hverjum bæturnar séu veittar, maka, barni, foreldri o. s. frv., og hversu há fjárhæð hverjum aðila, einum eða fleirum, allt eftir því, sem ástæða þykir vera til hverju sinni.

11. gr.

Við ákvörðun dánarbótanna skal hafa hliðsjón af reglum þeim, sem Tryggingastofnun ríkisins fer eftir. Þó er heimilt að fara eftir öðrum sjónarmiðum, ef stjórnin er öll sammála um það.

VI. Niðurlagsákvæði.

12. gr.

Leita skal staðfestingar stjórnarráðsins á skipulagsskrá þessari og hún síðan birt í B-deild stjórnartíðindanna.

Þannig samþykkt á sýslufundi Vestur-Barðastrandarsýslu 14. marz 1945 og Austur-Barðastrandarsýslu 24. apríl s. á.

Skrifstofu Barðastrandarsýslu, 14. september 1945.

Jóhann Skaptason.